

Stjórnarfundur í Félagi prófessora við ríkisháskóla

6. fundur stjórnar 2022-2023, þriðjudaginn 1. nóvember 2022

Mætt voru: Pétur Henry Petersen, Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Grétar Þór Eyþórsson, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Ólafur Páll Jónsson. Þóroddur Bjarnason boðaði forföll. Gestur fundarins var Gísli Már Gíslason, formaður Starfsþróunarsjóðs prófessora. Kristín Færseth ritaði fundargerð.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.00.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 5. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar.
2. Starfsþróunarsjóður – hlutverk, saga, úthlutunarreglur, endurgreiðslur (GMG fjarfundur).
3. Nýliðunarvandi – hægagangur í nýráðningum.
4. Tilfærsla starfsþátta við HA – fundur með yfirstjórn HA.
5. Kynning á tillögu vegna óskar um styrk.
6. Staðan í ráðningarmálum.
7. Önnur mál.

2. Starfsþróunarsjóður – hlutverk, saga úthlutunarreglur, endurgreiðslur (GMG fjarfundur)

Formaður Starfsþróunarsjóðs prófessora, Gísli Már Gíslason, var gestur fundarins og kynnti sjóðinn, m.a. hlutverk hans, sögu og úthlutunarreglur. Stjórn félagsins hafði áður sent sjóðnum fyrirspurn um hvort ekki væri hægt að veita styrki áður en ferð er farin en sjóðurinn hefur til þessa aðeins veitt styrki að ferðum/viðburðum loknum. Gísli benti á að meiri umsýsla yrði ef þyrfti að ganga á eftir gögnum en markmiðið hjá stjórn sjóðsins væri að halda umsýslukostnaði á lágmarki. Samkvæmt starfsreglum sjóðsins ber að halda stjórnarfundum þrisvar sinnum á ári. Gísli benti á að þrátt fyrir þetta ákvæði þá fundaði stjórnin eftir þörfum eða yfirleitt 7-8 sinnum á ári á árunum fyrir heimsfaraldurinn. Þá var spurt hvort ekki mætti heimila formanni og framkvæmdastjóra sjóðsins að afgreiða einfaldar umsóknir á milli úthlutunarfunda til að flýta fyrir afgreiðslu umsókna. Þessi fyrirspurn verður lögð fram á næsta stjórnarfundum sjóðsins.

1. Fundargerð 5. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar

Farið var yfir fundargerð 5. stjórnarfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

3. Nýliðunarvandi – hægagangur í nýráðningum

Formenn FH og FPR hafa fundað vegna bréfs prófessora á Raunvísindastofun Háskóla Íslands til rektors vegna ráðningar akademískra starfsmanna. Í bréfinu kemur m.a. fram að fjöldi kennara ljúka störfum um þessar mundir og á allra næstu árum. Því séu margir undrandi á því hversu mikill dráttur er almennt á ráðningum þegar akademískir starfsmenn láta af störfum. Í erlendum háskólum er þörfin fyrir störf metin og hvaða sérfræðipækkingu nýr kennari skuli hafa. Stjórnin ræddi málið og tekur undir áhyggjur bréfaritara af þessari stöðu.

4. Tilfærsla starfsþátta við HA – fundur með yfirstjórn HA

Formaður félagsins greindi frá fundi sem hann ásamt samráðsnefnd FPR og HA áttu nýlega með rektor og fjármálastjóra Háskólans á Akureyri. Málið snýst um ágreining við HA um túlkun samkomulags um tilfærslu starfsþátta. Einhverjir kennarar við HA hafa átt í vandræðum með að losa sig frá kennslu eða hafa ekki viljað sleppa yfirvinnunni að sögn rektors. Þetta sé of dýrt fyrir skólann. Háskóli Íslands túlkar samkomulagið þannig að kennurum þar sé heimilt að kenna tímabundið umfram yfirvinnuþak og flytja milli ára. Rektor HA vill ekki að prófessorar hafi þetta val og óskaði eftir stuðningi félagsins við að setja bann við allri yfirvinnu en var bent á að félagið hefði ekki heimild til að semja um yfirvinnu. Félagið getur aldrei samþykkt að vinna sem er unnin verði ekki greidd. Það þurfi að vera einhver sveigjanleiki í kerfinu. Eftir ítarlegar umræður var niðurstaðan sú að stjórnendur HA mun skoða vandamálið og fara yfir stöðuna og aðilar fundi aftur að mánuði liðnum.

5. Kynning á tillögu vegna óskar um styrk

Fyrir þennan fund hafði formaður lagt fram tillögu til stjórnar um afgreiðslu máls sem snýr að kærðu til Siðanefndar HÍ. Þar sem ekki allir stjórnarmenn höfðu kynnt sér málið nægilega vel var ákveðið að fresta ákvörðun þar til síðar.

6. Staðan í ráðningarmálum

Formaður tilkynnti að sá umsækjandi sem hefði verið boðið starf framkvæmdastjóra FPR muni svara boðinu síðar í þessari viku.

7. Önnur mál

Framkvæmdastjóri minnti stjórnina á emerítafundinn sem haldinn verður 23. nóvember nk. Búið er að bóka sal í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar og Steinunn Eggertsdóttir mun sjá um veitingar eins og áður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.